

frestað, en gegn mótmælum umboðsmanns gjörðarbeiðanda, sem hefir heimtað framgang gjörðarinnar og mótmælt réttarskj. nr. 4 sem markleysu, verður ekki séð, að nokkuð það hafi fram komið, sem heimili frestun á framgangi gjörðarinnar, á grundvelli skýlauss hæstaréttardóms sem aðfararheimildar. Verða því mótmæli gjörðarþola gegn framgangi gjörðarinnar ekki til greina tekin, en fjárnámið á fram að ganga samkvæmt kröfu gjörðarbeiðanda.

Mánudaginn 23. júní 1930.

Nr. 24 1930 **Valdstjórnin** (Magnús Guðmundsson)
gegn

Henry Norman Rogers (Lárus Fjeldsted).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 12. marz 1930: Kærður, Henry Norman Rogers, greiði 15.000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands innan viku frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella í hennar stað einföldu fangelsi í 8 mánuði.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir í b/v G. Y. 975, »Offa«, sé upptækt og renni andvirði í sama sjóð.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Að því athuguðu, að kærður, sem var tekinn með botnvörpu í sjó kl. 12,46 og siglt hafði út til hafs frá kl. 12,20, kastaði botnvörpunni, samkvæmt eigin játningu, 6—7 mínútum áður en hann var tekinn, en hraði skipa með botnvörpu í eftirdragi er 2,5—3 sjómilur á klukkustund, má staðfesta lögregluréttardóm-inn með skirskotun til forsenda hans að því, er kemur til sektarrefsingar, upptöku afla og veiðarfæra og málskostnaðar í héraði.

En þar sem ekkert verður ráðið um trú kærðs á grandaleysi hans af mælingum þeim og miðunum, er hann þykist hafa gert áður en hann kastaði — og stýrimaður hans gat ekkert borið um — bæði af því, hve óákveðnar þær eru og kærður einn til frásagnar um þær, enda þótt hann hefði átt að hafa sterka hvöt til, og honum að vera innan handar, að tryggja sér vitnisburð skipshafnar sinnar um þær, þá verður og, auk sektarinnar, að dæma kærðan, samkv. 5. gr. laga nr. 5/1920, í fangelsisrefsingu fyrir ítrekað brot, og þykir sú aukarefsing eftir atvikum hæfilega metin 2 mánaða einfalt fangelsi.

Kærður greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardóminum skal óraskað.

En auk þess sæti kærður, Henry Norman Rogers, 2 mánaða einföldu fangelsi og greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talið málflutningskaup sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannaðna Magnúsar Guðmundssonar og Lárusar Fjeldsted, 80 kr. hvorum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Henry Norman Rogers, skipstjóra á b/v G. Y. 975 »Offa« frá Grimsby, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 5 frá 18. maí 1920.

Eru málavextir þeir, sem nú skal greina:

Mánudaginn 10. marz 1930 var varðskipið »Ægir« á leið

austur með landinu sunnan við Reykjanes. Kl. 11,55 var farið fram hjá Selvogsvita í 1,8 sm. fjarlægð.

Kl. 12,20 sást togari út af Þorlákshöfn, er hélt út frá landinu, með hægri ferð að því er virtist.

Kl. 12,25 síðd. var gerð eftirfarandi staðarákvörðun: NW. — endi Herðisarvíkurfjalls $\neq$ með Selvogsvita og til Þorlákshafnarvörðunnar mælt $108^{\circ} 14'$. Gefur það stað varðskipsins 0,3 sm. innan landhelgislinunnar. Samtímis var mælt milli Þorlákshafnarvörðunnar og togarans $31^{\circ} 01'$. Sýndi sú staðarákvörðun togarann ca: eina sm. innan landhelgi, eftir ágizk-aðri fjarlægð til hans.

Kl. 12,41 síðd. var stöðvunarmerkið dregið upp.

Kl. 12,42 gefið stöðvunarmerki með sirenunni; svaraði togarinn því og nam staðar.

Kl. 12,46 síðd. var komið að togaranum G. Y. 975 s/s »Offa« frá Grimsby; var hann með stb.-vörpuna úti, og í undirbúningi að draga hana inn.

Kl. 12,50 síðd. var gerð eftirfarandi staðarákvörðun rétt hjá togaranum, þá vörpuhlerarnir komu í gálgana:

Geitahliðarfjall

$72^{\circ} 12'$

Þorlákshafnarvarðan.

$45^{\circ} 22'$

SA.kantur Ingólfsfjalls

Dýpi mælt 74 mtr.

Gefur sú staðarákvörðun togarann 0,2 sm. innan landhelgislinunnar, þá hann dró inn vörpuna.

Kærður hefir nú neitað því fyrir lögregluréttinum, að hann hafi verið að veiðum fyrir innan landhelgislinuna og hefir hann fært fyrir því þau rök, að hann hafi siglt frá Selvogsvita eða um $\frac{1}{4}$ úr milu frá honum í SA. í 50 mínútur með 10 milna hraða á klukkustund; þegar hann byrjaði að sigla frá vitanum, hafi vitinn borið í NA. t. N. Þegar kærður hafi siglt þannig, kveðst hann hafa stansað og sýndi þá loggið 8,6 milur, en jafnframt miðaði hann skipsflak, sem er við Þorlákshafnarvitann, og var það í NNA. Samkvæmt þessu telur kærður sig hafa verið um $\frac{1}{2}$ sm. utan landhelgislinunnar þar sem hann stansaði, gerði þessar staðarákvarðanir og byrjaði svo að toga, og kveðst hann hafa kastað til austurs og togað í sveig, þannig, að hann hafi komið til að snúa í suðvestur, og telur hann sig hafa verið búinn að toga þannig í 7 mínútur. Kærður hefir játað það, að hann hafi horft á skipherrann og

I. og II. stýrimann gera staðarákvarðanir með sínum sextant-inum hvern, eftir að skipið var stansað hjá honum, og að skipherrann hafi boðið sér sextant til að gera mælingu líka, en hann hafi hafnað því boði. Kærður hefir ekki getað fært nein rök að staðhæfingum sínum um staðarákvörðunina. Hann kveðst aleinn hafa lesið á loggið og aleinn hafa gert mið-unina og þar séu því engir til frásagnar.

Með því að kærður hefir engin rök getað fært fyrir fram-burði sínum, fær þessi staðhæfing hans vitanlega á engan hátt hnekkst skýrslu skipherrans á »Ægir« og þeim mælingum, sem gerðar eru af æfðum mönnum með beztu tækjum. Það verður því að leggja framannefnda skýrslu til grundvallar í þessu máli. Málfærslumaður kærðs hefir hreyft þeim andmælum, að nýja landhelgislinan sé á þessum stað að minnsta kosti $\frac{1}{8}$ úr milu utar en gamla landhelgislinan og við athugun Páls Hall-dórssonar skólastjóra á þessu atriði hefir það komið í ljós, að munurinn er allt að 0,2 úr sm. — Telur verjandinn, að miða verði við gömlu linuna, þegar dæmt sé í þessu máli, þar sem hún sé ákveðin með samningi milli Danmerkur og Englands, og þeim samningi verði ekki breytt nema með samkomulagi milli ríkjanna, en samþykki Englands sé enn ekki fengið fyrir nýju linunni. —

Það verður ekki séð að álitu réttarins, að þetta atriði skifti máli hér í þessu sambandi, því að það er upplýst í málinu, að áður en kærður var staddur 0,2 sm. innan nýju landhelgis-linunnar, hafði hann togað um 22 mínútur frá landi, svo að hann var áreiðanlega talsvert langt fyrir innan gömlu linuna, þegar hann byrjaði að toga.

Það er því að álitu réttarins nægilega sannað í málinu, að kærður var að botnvörpuveiðum í landhelgi rétt áður en varð-skipið »Ægir« kom þar að honum kl. 12,46 síðd. 10. þ. m.

Kærður hefir með lögregluréttardómi, uppkveðnum 7. dez-ember 1928, verið dæmdur í 12500 króna sekt og upptekt afla og veiðarfæra fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 5 frá 1920.

Framantalið brot kærðs heyrir að álitu réttarins undir 1. gr. laga nr. 5 frá 18. maí 1920, og þykir refsing sú, er hann hefir tilunnið, hæfilega ákveðin, eftir 3. gr. laganna, 15.000 króna sekt, er renni í Landhelgisjóð Íslands, sbr. og 1. gr. laga nr. 4 frá 1924, og með tilliti til þess, að gengi íslenzkrar krónu er í dag, samkvæmt upplýsingum frá Landsbanka Íslands, það, að hún jafngildir 81,87 aurum gulls. Komi og 8 mánaða ein-

falt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún er ekki greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa.

Þar sem ganga má út frá því eftir upplýsingum þeim, sem fyrir liggja í málinu, að kærður hafi verið að veiðum innan landhelgi í þetta skifti að óvilja sinum og gengið út frá því, að mælingar hans, sem samkvæmt framansögðu verða að teljast ónákvæmar og rangar, væru réttar, þykir eftir atvikum verða komizt hjá því, að beita aukarefsingu þeirri — fangelsisvist —, sem gert er ráð fyrir í 5. gr. laganna.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir í b/v G. Y. 975 »Offa«, sé upptæk og renni andvirði þess í sama sjóð og sektin.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 23. júní 1930.

Nr. 9/1930

Hjalti Árnason

gegn

Kjartani Gunnlaugssyni, f. h.

H. Magnússon og Co.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hjalti Árnason, er eigi mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Mánudaginn 23. júní 1930.

Nr. 15/1930

Ari Þórðarson

gegn

Leifi Sigurðssyni, f. h.

H. Kuhn & Co.